

Enska 9. – 10.bekkur

Kennari: Victoria Reinholdsdóttir

Kennslustundir: 3 stundir á viku í samkenslu

Kennsluefni: Spotlight 9 og 10. The boy in the striped pyjamas eða lord of the flies, (samlestur), gagnvirkt efni á netinu, lesskilningsverkefni af skólavefnum, myndefni og ýmis ljósrit (málfræðiverkefni af netinu)

Námsaðlögun: Í öllum tilvikum þar sem nemendur eru með sértæka námsörðugleika er sett upp einstaklingsnámskrá. Ef um vægari frávík er að ræða er kappkostað að leggja nemendum til bjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir, s.s. að nýta upplýsingatækni í meira mæli og val á námsefni / námsgögnum þjóni sem best einstaklingsmiðuðu námi.

Hæfniviðmið:

Hæfniviðmið í erlendum tungumálum er sett fram í sjö flokkum:

Hlustun:

Að nemendur geti:

- tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum og brugðist við efni þeirra, sagt frá eða nýtt sér á einhvern hátt.
- án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr
- hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr og unnið úr þeim.
- Hlustað á flutninga bekkjarfélaga og viðfangsefni rætt í hópnum undir leiðsögn kennara.
- Horft á kvikmynd á ensku án texta og unnið með verkefni út frá henni.

Lestur, lesskilningur og bókmenntir:

- Að nemendur þjálfí leshraða og lesskilning.
- Auka orðaforða.
- Geta aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf unglunga, aðstæður eða umhverfi.
- Lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðir ungu fólki.

Málfræði:

- greint helstu orðflokkar notaðir í ensku.
- gert sér grein fyrir mikilvægi enskrar málfræði í töluðu og rituðu máli.

Ritun og stafsetning:

- leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflið njóta sín.
- tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.

Samskipti og frásögn:

- tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem þeir eru vel heima í.
- tekist á við margs konar aðstæðum í almennum samskiptum, tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og brugðist við spurningum.
- flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af öryggi.

Námshæfni:

- unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til skoðana annara.
- nýtt sér öll helstu hjálpartæki s.s. ítarefni, efni út fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og tungumálaforrit.
- Beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf

Menningarläsi:

- Að nemendur -þekki til mismunandi menningar þar sem enska er töluð - þekki og skilji mun á notkun og framburði á ensku í mismunandi löndum.
- getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d. hvað er danska, norska, sænska, færeyska, skoska, ameríska.

Skipulag kennslunnar:

Nemendur vinna verkeni í lotum í s.k. Kötlumixi þar sem oft er unnið með ákveðið þema í samþættingu við önnur fög. Ekki er unnið með námsbækur í heild sinni, heldur er unnið með valdir kaflar og í þeirri röð sem henta miðað við þema lotunnar. Stundum er unnið með verkefnum frá kennara eða af netinu, en almennt getur maður sagt að vinnubrögð fylgja ákveðið munstur áháð því hvaðan efnið er sótt:

Nemendur lesa texta í textbook og vinna verkefni í workbook samhliða því að viðfangsefnið er rætt í hópnum undir leiðsögn kennara. Nemendur glósa orð úr textabók ásamt ýmsum textum frá kennara t.d. dægurlögum, bókum og fl. til að efla og dypka orðaforða. Ýmis ítarefni notuð til að auka fjölbreytni og dýpka skilning á efninu.

Hlustunarskilning er æfð með því að vinna með hlustunaraefingar sem fylgja námsefninu auk þess sem hlustað sé á flutninga bekkjarfélaga og viðfangsefni rætt í hópnum undir leiðsögn kennara. Til tilbreytingar er svo horft á kvikmynd á ensku án texta og unnið með verkefni út frá henni. Nemendur semja og flytja kynningu/ frásögn um efni að eigin vali samkvæmt ákveðinni uppskrift og á árinu skila nemendur inn tvö þýðingarverkefni og tvö ritunarverkefni, annað um fyrirfram ákveðið viðfangsefni en hitt með viðfangsefni af eigin vali.

Ritun er æfð með því að nemendur vinna með að skrifa heimildatexta um ákveðið efni og einnig fá nemendur að æfa sig að vinna með skapandi skrifum eins og söngtexta, ljóð og smásagnagerð.

Námsmat:

Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti nemenda sem aðgengilegt er nemendum og foreldrum í mentor.

Matstæki kennara eru hlustunarverkefni/próf, glósupróf, málfræðiaefingar, lesskilningspróf, ritgerðasmiði, þýðingarverkefni, kannanir, kynningar, umræður og virkni í náminu, hópavinnu og sjálfsmat.

Einkunnir eru gefnar í bókstöfum og umsögnum.